

**Ed.**

**843. Nefndarálit**

[198. mál]

um frv. til l. um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

Endurskoðun hefur farið fram á gildandi lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins svo og lögum um verkamannabústaði. Frumvarp þetta er niðurstaða þeirrar endurskoðunar. Frumvarpið hefur sætt ýmiss konar breytingum í meðföllum neðri deildar. Nefndin leggur til, að frumvarpið verði samþykkt með áorðnum breytingum, en tveir nefndarmenn, Ásgeir Bjarnason og Björn Fr. Björnsson, áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur við frumvarpið og fylgja breytingartillögum, er fram kynnu að koma.

Einn nefndarmanna, Björn Jónsson, var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 4. maí 1970.

Jón Þorsteinsson, form., frsm.	Auður Auðuns, fundaskr.	Ásgeir Bjarnason.
Björn Fr. Björnsson.	Steinþór Gestsson.	Oddur Andrésson.